

399. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. mars 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru BHH
Jóhanna Jóhannesdóttir í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Pátrýk Zolobow
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Fundargerð 364. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 25. febrúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 199. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 26. febrúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 105. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 12. febrúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 2. fundar stýrihóps um gerð nýrrar menntastefnu, dags. 29. janúar 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð 33. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 3. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerð 200. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 12. febrúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð 480. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. febrúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Fundargerð 993. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. febrúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 25. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 20. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 4. febrúar 2026, varðandi aðstæður fósturbarna á vegum barnaverndarnefnda.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Bréf frá Árna G Aðalsteinssyni, dags. 1. mars 2026, varðandi listaverk í Snæfellsbæ og opið bókhald.**
Bæjarritari lagði fram skrá yfir listaverk í eigu Snæfellsbæjar sem verið er að uppfæra til dagsins í dag. Sú skrá mun verða birt á heimasíðu Snæfellsbæjar fyrir lok marsmánaðar. Nú þegar er á heimasíðunni listi yfir útilistaverk í Snæfellsbæ, bæði þau sem eru í eigu Snæfellsbæjar og þau sem eru í einkaeigu.

Handwritten signatures and initials:
 [Signature] [Signature] [Signature] [Signature] [Signature]
 [Signature] [Signature] [Signature] [Signature] [Signature]
 [Signature] [Signature] [Signature] [Signature] [Signature]


Varðandi opið bókhald, þá hefur það verið tekið upp í nokkrum sveitarfélögum og gefist misvel. Í einhverjum sveitarfélögum hefur orðið leki á persónugreinanlegum gögnum í gegnum opna kerfið og er persónuvernd ekki mjög opin fyrir þessu, þó svo að það sé ekki bannað. Snæfellsbær hefur skoðað þetta og það er töluvert dýrt að fara þá leið að vera með opið bókhald á netinu, sem jafnframt uppfyllir kröfur um persónuvernd, og því hefur verið ákveðið að fara ekki þá leið að svo stöddu, þó sú ákvörðun geti alltaf breyst. Eins og staðan er í dag, þá er öllum bæjarbúum velkomið að hafa samband við Snæfellsbæ og biðja um upplýsingar, sem við munum að sjálfsögðu veita svo framarlega sem þær eru innan þeirra marka sem persónuvernd leyfir.


13) **Bréf frá Siglingasambandi Íslands, dags. 21. febrúar 2026, varðandi áskorun til sveitastjórna.** Lagt fram til kynningar.


14) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2026.
- b) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem fulltrúar bæjarstjórnar áttu með HVE í vikunni um mönnun á Heilsugæslustöðinni í Ólafsvík. Á fundinum kom fram að búið sé að ráða 5 lækna sem skipta árinu 2026 á milli sín í Ólafsvík og Grundarfirði og er árið því fullmannað af læknum í Snæfellsbæ. Jafnframt kom fram að stöðin er fullmönnuð. Því til viðbótar er góð samvinna við 1700 sem hefur eftir fjarlækningar og þar með stýtt biðtíma og bætt þjónustu við íbúa. Mönnun sjúkraflutninga í Snæfellsbæ er mjög góð, m.a. af tveimur menntuðum bráðateknum og eru sjúkraflutningateymin að sinni bráðaþjónustu við stöðina. Þá kom fram að með haustinu á að skoða fastráðningu lækna við stöðina fyrir komandi ár.
- c) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem fulltrúar bæjarstjórnar átti með fulltrúum stjórnar SÍS í vikunni. Þar var farið yfir ýmis atriði sem þarf að hafa í huga til að efla sveitarstjórnarstigið.
- d) Kjördæmavikan var í síðustu viku og hingað komu fulltrúar frá Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni. Miðflokkurinn ætlaði að koma hingað á morgun, en komast ekki.
- e) Bæjarstjóri sagði frá því að á vef Menntamálaráðuneytisins var birt námsframvinda grunnskólabarna í lesfimi. Þar eru nemendurnir okkar í Grunnskóla Snæfellsbæjar í 5-7 sæti á landsvísu en 82% af nemendunum nær skilgreindu lágmarksviðmiði í lestrarhraða í lesfimiprófi í maí 2025. Bæjarstjórn er afskaplega stolt af þessum árangri nemenda og skólans.
- f) Bæjarstjóri sagðist hafa farið inn í Búdardal um helgina þar sem verið var að vígja ný mjög vel heppnuð íþróttamannvirki. Bæjarstjórn óskar Dalamönnum til hamingju með þessi glæsilegu mannvirki.
- g) Bæjarstjóri sagði frá undirbúningi vegna sólmyrkvans í ágúst.
- h) Bæjarstjóri sagði frá vinnu við undirbúning á yfirtöku/kaupum ríkisins á hlut Snæfellsbæjar í fasteign hjúkrunarheimilisins Jaðars, en það er fyrirhugaður fundur í næstu viku.
- i) Bæjarstjóri sagði frá nýju listaverki eftir Bjarna Sigurbjörnsson sem komið er í fundarsal Ráðhússins.
- j) Rætt var um nýja sorpkortið sem tekið var í notkun á þessu ári. Bæjarstjórn samþykkti að fá Smára Jónas inn á næsta fund bæjarstjórnar til að fara yfir hvernig gengið hefur að innleiða kortið og fara yfir sorpmálin almennt og þann árangur sem orðið hefur í sorpmálum á undanföllum árum.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:23


Auður Kjartansdóttir


Jónína Björg Óttarsdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir





Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Fríða Sveinsdóttir


Jóhanna Jóhannesdóttir


Patryk Zolobow


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari